

SAMÞYKKT

um B-gatnagerðargjald í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á byggingar í skipulögðu þéttbýli í sveitarfélaginu þar sem ekki hefur þegar verið lagt á B-gatnagerðargjald og eftir því sem nánar segir í þessari samþykkt.

2. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og frágang gangstétta. Gjaldið skal miða við rúmmál húss eins og það er skráð hjá Fasteignaskrá Íslands.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundradshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra húss eins og hann er talinn á hvetjum tíma af Hagstofu Íslands og verður 3% á gjaldskyldu húsnæði í sveitarfélaginu, sbr. 1. gr.

4. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma er lagning bundins slitlags fer fram.

5. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. gr. gjaldfellur þegar lokið er lagningu bundins slitlags og gangstéttar en dreifa má greiðslum án vaxta í allt að 18 mánuði eftir gjalddaga.

6. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir í öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar.

7. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi er samin og afgreidd af sveitarstjórn Djúpavogshrepps með heimild í ákvæði til bráðabirgða (1) með lögum nr. 153/2006, um gatnagerðargjald, vegna lóða sem úthlutað var eða veitt var byggingarleyfi á fyrir 1. janúar 1997. Samþykktin var samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn þann xx. apríl/máí 2012 og send innanríkisráðuneytinu til staðfestingar. Samþykktin öðlast gildi við birtingu og nær til framkvæmda á grundvelli eldri laga um gatnagerðargjald sem lokið er við fyrir 31. desember 2012, sbr. 3. gr. laga nr. 6/2009. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 941/2005, um B-gatnagerðargjald í Djúpavogshreppi.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps með heimild í 1. tl. bráðabirgðaákvæðis í lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006, gildir um innheimtu og álagningu gatnagerðargjalda vegna framkvæmda á grundvelli 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974, um gatnagerðargjöld vegna lóða sem úthlutað var, eða veitt var byggingarleyfi á, fyrir 1. janúar 1997.

Samþykkt þessi öðlast gildi við birtingu.

Þannig samþykkt í sveitarstjórn Djúpavogshrepps 18. maí 2012

Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri

Andri Daut
Sóley Dögg Þúrgisdóttir
Jene Meilo
Alki Jensen
Höndis Sigurðardóttir